



Ungmennafélag Íslands

Reykjavík 2.apríl 2013

Efni: Ályktun ungmenna frá ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði.

Dagana 20.-22.mars sl. var ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði haldin á Egilsstöðum. Þema ráðstefnunnar að þessu sinni var þátttaka ungs fólks í skipulagsmálum. Ungmennafélag Íslands hefur ávallt lagt áherslu á lýðræðislega þátttöku ungs fólks og hefur ráðstefnan ávallt vakið mikla lukku meðal þátttakenda. Að þessu sinni sóttu rúmlega sextíu einstaklingar ráðstefnuna, bæði ungmenni sem starfa í ungmennaráðum víðsvegar um landið og starfsmenn sem sjá um málefni ungmenna í sínu sveitafélagi.

UMFÍ fékk til liðs við sig tvo fyrirlesara þær Katrínu Karlsdóttur M.Sc. í skipulagsverkfærði og umhverfissálarfræði og Margréti Maríu Sigurðardóttur Umboðsmann barna. Katrín hefur unnið mikið með þátttöku ungs fólks í skipulagsmálum. Katrín ræddi um mikilvægi þess að ungt fólk fengi að taka þátt í skipulagsmálum og að á þau væri hlustað. Hún hvatti þátttakendur til að vera málefnalega og koma skoðum sínum á framfæri því þeirra rödd er mikilvæg. Umboðsmaður barna er mikilvægur hlekkur í lýðræðisumræðunni hún kynnti embætti sitt, Barnasáttmálann og þátttöku ungs fólk í samfélaginu.

Ungmennafélag Íslands þakkar ráðstefnugestum, Fljótsdalshéraði, Ungmenna- og íþróttasambandi Austurlands og fyrirlesurum fyrir þeirra framlag til ráðstefnunnar. Ungmennafélag Íslands og hvetur jafnframt þau sveitarfélög sem enn hafa ekki stofnað ungmennaráð að taka sér meðfylgjandi ályktun ráðstefnunnar til fyrirmyndar.

Meðfylgjandi ályktun er unnin af ráðstefnugestum með lýðræðislegum vinnubrögðum. Þátttakendur kusu milli sjö einstaklinga sem gáfu kost á sér í að vinna ályktunina. Fimm þátttakendur unnu að ályktuninni sem síðar var samþykkt eftir líflegar umræður.

AKUREYRARBÆR
Mótt.: 04.04.2013
Málsnr.: 2013010022
Lykill: 0513

Með ungmennafélagskveðjum

Sabína Steinunn Halldórsdóttir

Landsfulltrúi UMFÍ

Ályktun ungmenna frá ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði



Ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði, haldin á Egilsstöðum 20. - 22. mars 2013, skorar á íslensk stjórnvöld, jafnt ríki sem sveitarfélög að leita meira til ungmenna og taka tillit til þeirra skoðana á málefnum samfélagsins, einkum þau sem varða ungmennin sjálf. Bestu málsvarar ungmenna eru ungmennin sjálf.

Virk lýðræðisþátttaka ungmenna snýst um meira en árlegan fund með bæjarstjórn fyrir framan myndavélar. Hún snýst um samræður og samskipti alla daga ársins. Stjórnvöld verða að hafa ungmenni í huga og með í ráðum þegar þau fjalla um tillögur sínar og að ungmenni séu í stöðu til að hafa áhrif á þau málefni er þau snerta.

Í þessu sambandi minnir ráðstefnan sérstaklega á 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um rétt barna og ungmenna til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif á öll mál er þau varða og tekið sé réttmætt tillit til þeirra í samræmi við aldur og þroska. Sérstaklega sé höfð í huga 4. grein sáttmálans sem fjallar um ábyrgð ríkis og sveitarfélaga til að tryggja þau réttindi sem Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um. Ráðstefnan bendir einnig á 17. grein um aðgang að upplýsingum sem stuðli að alhliða þroska.

Þátttaka í lýðræði og samfélaginu krefst þjálfunar. Enginn einstaklingur stekkur fullmótaður fram á sjónarsviðið. Ráðstefnan hvetur því öll sveitarfélög landsins til að koma á fót ungmennaráðum. Ráðin hafi sömu stöðu og aðrar nefndir sveitarfélaga, til dæmis hvað varðar vald yfir fjármagni. Ráðin séu sýnileg og framboð í þau opin hverju því ungmenni sem áhuga hefur.

Ráðstefnan fagnar því að stjórnvöld hafi brugðist jákvætt við áskorun hennar frá því í fyrra og fullgilt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Að sama skapi er mikilvægi þess að fullgildingin fái þá umræðu sem hún verðskuldar ítrekað og stjórnvöld virði þá skuldbindingu sem felst í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Ráðstefnan þakkar Ungmennafélagi Íslands fyrir að standa fyrir ráðstefnu á borð við Ungt fólk og lýðræði. Hún gefur ungu fólki færi á að mynda tengsl, ræða sín viðhorf, koma þeim á framfæri og sanna fyrir því að það geti haft áhrif. Við hvetjum til þess að ráðstefna sem þessi verði haldin á hverju ári og megi aðrir taka UMFÍ sér til fyrirmyndar.